

Miðvikudagurinn 8. júlí 1998 kl. 9:00

114. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 24/1998

**Erindi Íspakks ehf. um endurupptöku ákvörðunar
samkeppnisráðs nr. 10/1998**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi, dags. 24. apríl 1998, frá Sigurbirni Þorbergssyni hdl. sem fyrir hönd Íspakks ehf. óskar eftir endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 10/1998, *Kvörtun Kassagerðar Reykjavíkur hf. yfir innflutningi, dreifingu og sölu umbúða á vegum Íspakks ehf.*

Í niðurstöðukafla fyrrnefndrar ákvörðunar segir m.a.:

„Af gögnum málsins má ráða að Íspakki hafi verið ljóst þegar fyrirtækið tók við umbúðunum frá hinum bandaríska framleiðanda að þau mistök hefðu orðið í framleiðslunni að merki hins þýska fyrirtækis RESY og viðskiptanúmer Kassagerðarinnar hefðu verið prentuð á umbúðirnar. Engu að síður hafi fyrirtækið ákveðið að selja kassana til Sjólastöðvarinnar.“

Um þessa athugasemd segir í erindi Íspakks:

„Umbj. minn getur ekki felld sig við þessa röksemdafærslu þar sem hún er alröng. Engum gögnum er til að dreifa í málinu sem sanna að umbj. mínum hafi verið þetta ljóst og að hann hafi af ásetningi notað sér RESY númer Kassagerðarinnar til að valda því fyrirtæki tjóni, eins og forsendur ákvörðunar samkeppnisráðs bera með sér.

Staðreynd málsins er sú að umbj. minn pantaði þessar umbúðir að beiðni viðskiptavinar síns. Umbj. minn fékk þessar umbúðir aldrei í hendur, heldur fóru þær beint frá framleiðanda til notandans. Aðeins einn aðili, sá sem pantaði umbúðirnar, fékk þær í hendur beint frá hinum erlenda framleiðanda.

Það er ekkert komið fram um það í málinu að umbj. mínum hafi á nokkurn hátt verið kunnugt um þau mistök sem áttu sér stað við framleiðslu umbúðanna, enda eins og áður segir tók notandinn við þeim beint frá framleiðanda.

Ákvörðun samkeppnisráðs er því reist á röngum forsendum, sem ranglega vege að heiðarleika og viðskiptasiðferði umbj. minna. Mistök geta því miður stundum átt sér stað. Í þessu tilvikum urðu leið mistök sem umbj. mínir harma. Hins vegar er það fjarri lagi að þeir hafi vísvitandi ætlað að valda samkeppnisaðila tjóni. Slíkt er firra og algerlega ósannað.

Í réttarfari er það grundvallarregla að aðili teljist saklaus af ólögumháttsemi uns sekt er sönnuð. Þá er það einnig grundvallarregla að vafa ber að skýra aðila sem borinn er sökum honum í hag. Samkeppnisráð hunsar þessar grundvallarreglur í ákvörðun sinni. Vegna þess er umbj. minn knúinn til að krefjast endurupptöku málsins og gefa samkeppnisráði kost á að leiðrétta þau mistök sem felast í rökstuðningi fyrir ákvörðun nr. 10/1998.“

Íspakk krefst þess aðallega að málið verði endurupptekið og að kröfum Kassagerðar Reykjavíkur verði hafnað en til vara er þess krafist að málið verði endurupptekið og fullyrðingar samkeppnisráðs um ásetning Íspakks verði dregnar til baka af hálfu ráðsins.

Í erindinu er vísað til 24. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, en ákvæðið tryggir aðila máls m.a. rétt til endurupptöku þegar stjórnvald hefur reist kröfu sína á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum eða gögnum um málsatvik. Síðan segir í erindinu:

„Í þessu tiltekna máli liggja engin gögn fyrir um ásetning umbj. míns til að valda tjóni svo sem fullyrt er í niðurstöðum samkeppnisráðs.“

Þá er í erindinu getið sérstakra sjónarmiða varðandi varakröfu Íspakks en um það atriði segir m.a.:

„Það er almennur skilningur meðal fræðimanna í samkeppnisrétti að ekki þurfi ásetning til að um brot gegn 25. gr. samkeppnislaga sé að ræða, heldur sé frekar tilhneiging til að líta svo á að um nánast hlutlæga ábyrgð geti verið að ræða...“

Telji samkeppnisráð sig knúið til að fella úrskurð í þessu máli á grundvelli saknæms athæfis og ásetnings til að valda tjóni verður að gera þær kröfur til ráðsins að það rannsaki þá mál til hlítar og afli sér sönnunar um slíka háttsemi áður en alvarlegir áfellisdómar eru kveðnir upp.“

II.

Niðurstaða

1.

Ákvörðun samkeppnisráðs í máli því sem Íspakk óskar hér endurupptöku á er nr. 10/1998. Ákvörðunarorðið hljóðar svo:

„Með innflutningi, dreifingu og sölu á umbúðum merktum þýska fyrirtækinu RESY og viðskiptamannanúmeri Kassagerðar Reykjavíkur hf. hefur Íspakk ehf. brotið gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 51. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Íspakki ehf. að dreifa umbúðum og selja sem merktar eru þýska fyrirtækinu RESY og viðskiptamannanúmeri Kassagerðar Reykjavíkur. Verði banninu ekki fylgt mun samkeppnisráð beita viðurlögum samkeppnislaga.“

Íspakk nýtti ekki heimild sína til að kæra ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Niðurstaða samkeppnisráðs í þessu máli grundvallaðist á þeim málavöxtum að Íspakk lét framleiða umbúðir í Bandaríkjunum fyrir viðskiptavin sinn. Viðskiptavinurinn hafði áður keypt umbúðir af Kassagerð Reykjavíkur. Kassagerð Reykjavíkur merkir umbúðir sínar með upplýsingum endurvinnslufyrirtækisins RESY samkvæmt sérstökum samningi þar um. Umbúðirnar sem Íspakk lét framleiða voru merktar merki RESY og viðskiptamannanúmeri Kassagerðar Reykjavíkur hjá því fyrirtæki. Íspakk og Kassagerð Reykjavíkur eru keppinautar.

Þessum málavöxtum hefur Íspakk ekki mótmælt sem röngum eða ófullnægjandi.

Eins og Íspakk bendir á í beiðni sinni um endurupptöku segir í niðurstöðum samkeppnisráðs að af gögnum málsins megi ráða að Íspakki hafi verið ljóst

Þegar fyrirtækið tók við umbúðunum frá hinum bandaríska framleiðanda að þau mistök hefðu orðið í framleiðslunni að merki þýska fyrirtækisins RESY og viðskiptamannanúmer Kassagerðar Reykjavíkur höfðu verið prentuð á umbúðirnar. Engu að síður hafi fyrirtækið ákveðið að selja umbúðirnar til viðskiptavinar.

Íspakk telur að með þessari ályktun gefi samkeppnisráð til kynna að fyrirtækið hafi af ásetningi notað sér RESY númer Kassagerðar Reykjavíkur til að valda því fyrirtæki tjóni. Jafnframt tekur Íspakk fram að umbúðirnar hafi farið beint frá framleiðanda til viðskiptavinar og því hafi Íspakki ekki verið kunnugt um merkingarnar á umbúðunum.

Samkeppnisráð tekur fram að ljóst er að Íspakk pantaði og lét framleiða umbúðirnar og því hefði fyrirtækinu átt að vera fullkunnugt um útlit umbúðanna. Að mati samkeppnisráðs breytir það ekki ábyrgð Íspakks hvort fyrirtækið hafi fengið umbúðirnar í hendur á undan kaupanda eða ekki. Á sama hátt er það mat samkeppnisráðs að Íspakk beri ábyrgð á dreifingu og sölu umbúðanna.

Samkeppnisráð telur að ekkert hafi komið fram í erindi Íspakks sem hefði getað breytt niðurstöðu samkeppnisráðs í málinu.

2.

Í 24. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, er kveðið á um endurupptöku mála eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun. Í greininni segir m.a.:

„Eftir að stjórnvald hefur tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný ef:

- 1. ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða*
- 2. íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.“*

Samkeppnisráð telur ljóst að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar ákvörðun ráðsins nr. 10/1998 og höfðu þýðingu við ákvörðun málsins, hafi hvorki verið rangar né ófullnægjandi. Samkeppnisráð telur því að ákvörðun ráðsins nr. 10/1998 hafi hvorki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um

málsatvik, né hafi atvik breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Málið verður því ekki tekið upp með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga.

III. Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð hefur yfirfarið gögn málsins og kynnt sér rök Íspakks ehf. sem fyrirtækið hefur lagt fram til stuðnings beiðni um endurupptöku á ákvörðun nr. 10/1998.

Samkeppnisráð telur að ákvörðun ráðsins nr. 10/1998 hafi ekki byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafi hún byggst á atvikum sem hafi breyst verulega frá því að ákvörðunin var tekin. Ljóst er því að skilyrði 24. gr. laga nr. 37/1993 um rétt til endurupptöku máls eru ekki uppfyllt og telur samkeppnisráð ekki ástæðu til endurupptöku eða afturköllunar ákvörðunarinnar.

Með vísan til framangreinds hafnar samkeppnisráð beiðni Íspakks ehf. um að ákvörðun ráðsins nr. 10/1998 verði endurupptekin.“